

Reykjavík, 16. nóvember 2022

Nefndasvið Alþingis
b.t. efnahags- og viðskiptanefndar
Austurstræti 8–10
101 Reykjavík
nefnasvid@althingi.is

Bls. | 1

Efni: Beiðni um breytingu á tollum sem lagðir eru á við innflutning á Açai-grunni

Um þessar mundir fjallar efnahags- og viðskiptanefnd um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna fjárlaga fyrir árið 2023 (þskj. 2. í 2. máli). Af þessum tilefni telja SVP – Samtök verslunar og þjónustu rétt að reifa efni beiðnar sem komið var á framfæri við fjármála- og efnahagsráðuneytið á fyrri hluta ársins 2020.

Açai-grunnur

Svo vill til að á Íslandi starfa veitingastaðir sem framreiða svokallaðar Açai-skálar en grundvallarinnihaldsefni þeirra allrar svokallaður Açai-grunnur. Við grunninn er t.d. bætt granóla, ávöxtum, berjum, fræjum, hnetum, jógúrt, súkkulaði, berjum, fræjum o.fl. Slíkar skálar standa neytendum einnig til boða tilbúna í matvöruverslunum og öðrum smærri sölustöðum, t.d. í líkamsræktarstöðvum. Açai-grunnur er ekki framleiddur hér á landi heldur innfluttur. Ýmsar íblöndunarvörur sem eru notaðar við gerð skálanna eru framleiddar hér á landi, t.d. jógúrt, en aðrar innfluttar. Ekki er líkur á að Açai-grunnurinn verði nokkurn tíma framleiddur hér á landi.

Açai-grunnur hefur verið fluttur til landsins í 3–10 lítra fötum og var hann til áramótanna 2019/2020 fluttur inn frá Bretlandi sem þá var ESB-ríki. Til þess tíma bar grunnurinn ekki tolla við dreifingu innan tollabandalags ESB en u.þ.b. 8,6% verðtoll auk 0,29 evru/kg magntolls væri hann fluttur inn til ESB-ríkja frá þriðju ríkjum. Umreiknaður í virkan verðtoll var þannig lagðir á hann um 16% tollur við innflutning til ESB frá þriðju ríkjum.

Tollar

Grunnurinn fellur undir vörulið nr. 2105 í sameiginlegri tollskrá tollabandalagsins sem ber ensku fyrirsögnina *Ice cream and other edible ice, whether or not containing cocoa* og undirlið nr. 2105.0010 sem ber ensku fyrirsögnina *Containing no milkfats or containing less than 3 % by weight of such fats*. Grunnurinn fellur undir vörulið nr. 2105 í íslensku tollskránni sem ber fyrirsögnina *Fjómaís og annar ís til manneldis, einnig með kakaóinnihaldi* sem er efnislega samsvarandi fyrirsögninni í tollskrá ESB. Undirliður nr. 2105.0010 er skiptiliður í íslensku tollskránni og undir hann falla þrjú tollskrárnúmer, 2105.0011–2105.0019. Fyrirsögn skiptiliðarins er *Sem inniheldur 3% eða meira af mjólkurfitu miðað við þyngd*. Að þessu leyti er sá munur á tollskránum helstur að undir undirlið nr. 2105.0010 í tollskrá ESB falla vörur sem innihalda enga mjólkurfitu eða minna en 3% miðað við þyngd en undir sama undirlið í íslensku skránni falla vörur sem innihalda 3% eða meira af mjólkurfitu. Ástæðu þessa mismunar má rekja til þess að fyrstu sex stafirnir í átta stafa tollskrárnúmerum tollskrárinnar eru í samræmi

við vöruflokkunarkerfi Alþjóða tollastofnunarinnar sem bæði Ísland og ESB eru skuldbundin til að fylgja en frelsi ríkir um skipan síðust tveggja stafanna. Sama staða er uppi þegar kemur að fríverslunarsamningi Íslands og Bretlands.

Vörusvið tollasamninga Íslands og ESB annars vegar og Íslands og Bretlands hins vegar er skilgreint í samningunum þar sem m.a. er kveðið á um að innflutningur á vörum sem falla undir tollskrárnúmerin 2105.0011 og 2105.0019 skuli bera 18% verðtoll og 66 kr./kg magntoll. Eru þar með veitt tollfríðindi vegna innflutnings rjómaíss, mjólkuríss og annar íss til mannelis sem inniheldur 3% eða meira af mjólkurfitu miðað við þyngd svo fremi sem hann inniheldur ekki vínanda yfir 2,25% að rúmmáli. Ekki var hins vegar samið um tollfríðindi vegna innflutnings á ís sem inniheldur minna en 3% af mjólkurfitu og ber hann því almenna tolla samkvæmt íslensku tollskránni. Açai-grunnurinn sem er grundvallarinnihaldsefni Açai-skála fellur utan vörusviðs tollasamninga Íslands og ESB og Íslands og Bretlands. Raunar gefa upplýsingar í rafrænni tollskrá Skattsins til kynna að grunnurinn falli utan vörusviði allra fríverslunarsamninga nema samkomulags Færeyja og Íslands um tollfrelsi allra vara og tollfríðinda vegna innflutnings frá GSP-ríkjunum, þ.e. þeim ríkjum heims sem eru skemmt á veg komin í þróun samkvæmt skilgreiningu efnahags- og félagsmálaráðs Sameinuðu þjóðanna (GSP). Engin framleiðsla er hins vegar á Açai-grunni og Açai-ber vaxa ekki í Færeyjum og ekki finnst framleiðendi í GSP-ríkjunum.

Í ljósi framangreinds ber Açai-grunnur 30% verðtoll auk 110 kr./kg magntoll við innflutning til Íslands. Svo hár tollur kemur harkalega fram í mjög háum rekstrarkostnaði þeirra sem framleiða Açai-skálar sem aftur endurspeglast í smásöluverði skálanna. Launakostnaður og annar rekstrarkostnaður slíkra fyrirtækja er jafnan hár hér á landi og því skiptir sköpum að unnt sé að halda hráefniskostnaði sem lægstum. Vegna tollanna hækkar innkaupsverð Açai-grunns um 40–50% við flutninginn yfir hafið.

Rétt er að taka fram að óskað var eftir bindandi álit Skattsins á tollflokkun Açai-grunns sem er frá framleiðanda lýst á eftirfarandi hátt: „Açai Berry Sorbet, Smoothie Blend, 3 Ga.“ Hinn 2. júní 2019 lá sú niðurstaða embættisins fyrir að grunnurinn félli undir tollskrárnúmerið 2105.0099 og bæri þar með 30% verðtoll auk 110 kr./kg magntoll við innflutning til Íslands. Álitid var kært til yfirskattanefndar sem kvað upp úrskurð (YSKN nr. 172/2019) sem staðfesti niðurstöðu tollstjóra.

Vernd

Íslensk stjórnvöld hafa í ýmsu tilliti lagt sig fram við að styðja við bak innlends landbúnaðar en hluti af þeirri viðleitni kemur fram í tollvernd landbúnaðarvara. Sú vernd er í ýmsu tilliti veruleg þegar um viðkvæmar landbúnaðarvörur er að ræða, s.s. kjöt, blóm og mjólkurvörur. Í því samhengi ber ís sem inniheldur 3% eða meira af mjólkurfitu almennt háa tolla, þ.e. 30% verðtoll og 110 kr./kg magntoll við innflutning. Ekki er hins vegar hægt að halda því fram með góðu móti að verndarþörf eigi við í tilviki Açai-grunns sem sannarlega inniheldur minna en 3% mjólkurfitu. Eins og áður segir fellur mjólkurís, þ.e. ís sem inniheldur 3% eða meira af mjólkurfitu undir fríðindi samkvæmt tollasamningi Íslands og ESB og bráðabirgðafirverslunarsamningi Íslands og Bretlands. Þannig er mun hagstæðara að flytja mjólkurís inn frá ESB-ríkjunum og Bretlandi en að flytja Açai-grunn inn frá sömu ríkjum. Sú staða er hreint út sagt verulega skökk

og ósanngjörn fyrir fyrirtæki sem tilreiða Açai-skálar til neytenda á Íslandi. Verndarandlag ýmissa slíkra, vara sem falla undir skiptiliðinn 2105.0090, er með öðrum orðum ekki til staðar.

Umfang

Rétt er að taka fram að á tímabilinu 1. janúar 2020 til og með september 2022 hafa verið flutt inn rúm 167 tonn af ís sem fellur undir tollskrárnúmerið 2105.0099, þ.e. mjólkursnauður ís að frátöldum veganís og ís sem inniheldur vínanda. Rúm 58% innflutningsins kemur frá ríkjum ESB, um 26,5% frá Bretlandi en um 15,3% frá öðrum ríkjum, þ. á m. rúm 14,8% frá Brasilíu. Heildar CIF-verð innflutningsins nam rúmunum 134 millj. kr. og má því gera ráð fyrir að tolltekjur ríkisins hafi á framangreindu tímabili numið tæpum 59 millj. kr. og að meðaltali rúmri 21 millj. kr. á ári og tæpum 1,8 millj. kr. á mánuði. Eins og áður var getið nam virkur tollur á hvert kg. Açai-grunns 16% við innflutning frá ríkjum utan ESB. Hér á landi hefur virkur tollur á innflutning tímabilsins 1. janúar 2020 til og með september 2022 numið 44%. Erfitt er að segja til um hve stór hluti innflutningsins var Açai-grunnur enda liggja slíkar upplýsingar ekki fyrir hjá SVP. Ef við gefum okkur Açai-grunnur hafi numið fjórðungi innflutningsins má gera ráð fyrir að tekjur ríkisins af tollum á hann hafi að jafnaði numið um 5 millj. kr. á ári. Þó það sé ekki há fjárhæð í samhengi fjármála ríkisins skiptir hún sköpum í rekstri fyrirtækja sem framreiða Açai-skálar enda nemur virkur tollur á grunninn nálega helmingi viðskiptaverðs hans.

Bls. | 3

Í ljósi framangreinds leyfa SVP sér að óska því að efnahags- og viðskiptanefnd taki til skoðunar hvort unnt sé að lækka tolla sem lagðir eru á við innflutning Açai-grunns. Í dæmaskyni gæti tillagan nefndarinnar verið eftirfarandi:


Á eftir XXIV. kafla komi nýr kafli, XXV. kafli, Breyting á tollalögum, nr. 88/2005, með einni nýrri grein, 59. gr., svohljóðandi:

Við undirlið nr. 2105.90 í tollskrá í viðauka I við lögin bætist nýtt tollskrárnúmer, svohljóðandi:

	AA1	E	
	%	kr./kg	%
2105.0093 – – Sorbet í 3 kg umbúðum eða stærri	0	0	

Virðingarfyllst,

f.h. SVP – Samtaka verslunar og þjónustu



Benedikt S. Benediktsson
lögfræðingur